

Tillaga 12 frá fulltrúa Samfylkingar í bæjarstjórn. Ráðast verði í framkvæmdir á Óla Run túni: Uppbygging á grænum svæðum og útivistarsvæðum í bæjarlandinu, eykur lífsgæði og stuðlar að meiri útivist og samveru fjölskyldunnar. Sem aftur leiðir til betri andlegrar- og líkamlegrar heilsu. Mikilvæg fjárfesting til framtíðar sem mun borga sig margfalt þegar til lengri tíma er litið.

Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur jákvætt í tillöguna og vísar til skipulags- og byggingarráðs sem sér um skipulagsmál.

Tillaga 13 frá fulltrúa Samfylkingar í bæjarstjórn. Náttúruperlur í umhverfi okkar og þróun á útivistarsvæðum í Hafnarfirði

Helgafell, kennileiti og skilti: Það er mikilvægt fyrir Hafnarfjörð að vinna hratt og vel að betri og öruggari aðstæðum á svæðinu í kring um Helgafell. Á gönguleiðina upp á fellið þyrfti að setja kennileiti skilti eða eitthvað slíkt sem minnkar líkur á að fólk villist af leið sem gerist þar mjög reglulega og einnig flýtir það fyrir ef eitthvað kemur upp á ef sá sem lendir í vandræðum getur bent á kennileiti sem flýta fyrir því að hægt sé að staðsetja viðkomandi. Það vantar sárlega greinagóðar upplýsingar um svæðið í kring um Helgafell, að þar séu gefnar upp upplýsingar um gönguleiðir vegalengdir ofl. og farið yfir sögu og örnefni svæðisins. Umferðin um svæðið er mikil og þétt og við eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til að auka á ánægju þeirra sem þar fara um og tryggja öryggi eftir því sem unnt er.

Hvaleyrarvatn og umhverfi þess.

Fara þarf í hugmyndavinnu að því að svæðið verði enn meiri útivistarparadís en hún er í dag það vantar bílastæði, hægt væri að fá skátana með okkur í lið að búa þar til allsherjar ævintýra og útivistarsvæði með baðaðstöðu útisturtum, góðri salernisaðstöðu, mun fleiri bekkjum og borðum fyrir grill og nesti yfirbyggðu grillskýli og svo mætti lengi telja. Skíða og sleðabrekka við Stórhöfða yrði svo frábær viðbót við þetta skemmtilega svæði.

Leiksvæði fyrir þá sem stunda vetraríþróttir í bænum eða upplandinu

Mikilvægt er að fara vinnu við að skoða aðstöðu í bænum fyrir skíða og brettafólk og svo auðvitað fyrir þá sem vilja renna sér á sleðum og þotum. Víðistaðatún væri kjörinn vettvangur fyrir þetta en einnig mætti hugsa sér að útbúa slíkt svæði á Holtinu við nýju göngubrúna yfir á Ásvelli, slíkt svæði væri þá bæði í göngufæri við Ásvellina, Holtið og jafnvel Suðurbæ að hluta. Skoða þarf möguleika á að flytja snjó og byggja jafnvel upp rampa og fleira þegar veður býður upp á það. Á skipulagi fyrir svæðið við Seldal og Stórhöfða er skíðabrekka. Skoða mætti vel möguleika á að fara nánari skipulagsvinnu á því svæði á næsta ári.

Lagt er til settar verði 50 milljónir í undirbúning og framkvæmdir í tengslum við ofangreindar tillögur um náttúruperlur í umhverfi okkar og þróun á útivistarsvæðum í Hafnarfirði og verði þær teknar af liðnum uppbygging íþróttar- og útivistarsvæða og/eða af liðnum endurnýjun á perum í ljósastaurum bæjarins og jólalýsingu hans.

Tillögunni um fjármagn að fjárhæð 50 milljónir er hafnað þar sem þegar er gert ráð fyrir fjármagni til málaflokksins.

Tillögu um Helgafell og Hvaleyrarvatn er vísað í fyrirhugaðan starfshóp um stíga í upplandinu.

Tillögu um leiksvæði fyrir þá sem stunda vetraríþróttir í bænum eða upplandinu er vísað til skipulags- og byggingarráðs með beiðni um að farið verði yfir þau svæði sem hægt er að stunda vetraríþróttir í

bæjarlandinu og tekið til skoðunar að þau verði merkt sérstaklega. Ennfremur að skoðað verði með ný svæði til þess að stunda vetraríþróttir

Umhverfis og framkvæmdaráð bókar:

Framkomnar tillögur Samfylkingarinnar um náttúruperlur í umhverfi okkar og þróun á útivistarsvæðum eru flestar nú þegar í vinnslu eða undirbúningi og því þegar tryggt fjármagn til þeirra á fjárhagsáætlun næsta árs. Tillögu um leiksvæði fyrir þá sem stunda vetraríþróttir í bænum eða upplandinu er vísað til skipulags- og byggingaráðs með beiðni um að farið verði yfir þau svæði sem hægt er að stunda vetraríþróttir í bæjarlandinu og tekið til skoðunar að þau verði merkt sérstaklega. Ennfremur að skoðað verði með ný svæði til þess að stunda vetraríþróttir.